

Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn 27.9.2010 í Hjalla

1. Fráfarandi formenn gömlu foreldrafélaganna, Gerður Magnúsdóttir og Guðni Björnsson settu fund.
Stungið var upp á Hrefnu Gunnarsdóttur, fyrrverandi stjórnarmanni í Samkóp sem fundarstjóra og var það samþykkt.
Hrefna tók við fundarstjórn og óskaði fundarmönnum til hamingju með nýtt félag.
Stungið var upp á Sólveigu B. Hlökkversdóttur sem ritara og var það samþykkt
2. Rannveig Ásgeirsdóttir formaður Skólanefndar Kópavogs flutti erindi sem hún kallaði „Skólaforeldrar“
3. Kosning formanns
Sigurður Grétarsson gaf einn kost á sér sem formaður og var hann kjörinn
4. Kosning stjórnar
Stjórnarmenn til 1 árs gáfu kost á sér: Reynir Gylfason, Lárus Axel Sigurjónsson og Hildur Kristín Sveinsdóttir og voru þau kjörin
Stjórnarmenn til 2 ára gáfu kost á sér: Karen Jenný Heiðarsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Selma Guðmundsdóttir og voru þær kjörnar.
Varamenn til eins árs gáfu kost á sér: Sólveig B. Hlökkversdóttir, Kristín Andrea Einarsdóttir og Lára Guðrún Gunnarsdóttir og voru þær kjörnar
5. Kosning skoðunarmanna
Sigrún Hallgrímsdóttir og Kristjana Kjartansdóttir gáfu kost á sér og voru þær kjörnar
6. Kosning í skólaráð
Í skólaráð gáfu kost á sér: Lárus Axel Sigurjónsson, Særún Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir og Marinó Már Marinósson
Þau kynntu sig stuttlega og síðan fór fram leynileg kosning. Fundarmenn samþykktu að þeir tveir aðilar sem fengju flest atkvæði yrðu aðalmenn og hinir tveir yrðu varamenn.
Niðurstaða kosningar varð sú að Marinó og Særún voru kjörin aðalmenn í skólaráð og Lárus Axel og Ragnheiður varamenn.
7. Önnur mál
Árgjald félagsins
Fráfarandi formenn félaganna komu með þá tillögu að árgjaldið verði 1.750 kr á heimili. Það var samþykkt.

Foreldrarölt

Hrefna greindi frá að í Hörðuvallaskóla hefði foreldraröltið nýst mjög vel fyrir foreldra til að kynnast og hvatti foreldra Álfhólsskóla að nýta röltið sem vettvang til að hittast og kynnast nýjum foreldrum.

Foreldraleikfimin

Sigrún Hallgríms fráfarandi gjaldkeri í stjórn FFD sagði frá foreldraleikfiminu. Hún hefur verið góð tekjulind fyrir foreldrafélagið undanfarin ár.

Íþróttakennararnir hafa óskað eftir að skipuð verði nefnd til að halda utan um leikfimina og sagðist Sigrún gefa kost á sér ásamt Rannveigu Traustadóttur.

Fram kom meðal fundarmanna að sumum þætti tími leikfiminna væri óhentugur þ.e. kl. 19 að kvöldi

Gerður Magnúsdóttir fráfari formaður foreldrafélags Hjallaskóla óskaði nýrri stjórn til hamingju og sagðist vera tilbúin að vera stjórninni til aðstoðar. Það sama ætti við um Guðna Björnsson fráfari formann for.félags Digranesskóla.

8. Fundi slitið

Hrefna þakkaði fyrir að vera falið að vera fundarstjóri og gaf nýjum formanni orðið.

Sigurður Grétarsson þakkaði fundarmönnum traustið. Óskaði síðan öllum til hamingju með nýtt félag og kjörnum fulltrúum til hamingju með þeirra embætti.

Nýr formaður sleit síðan fundi.